

279. KIRKJURÁÐSFUNDUR

ÞRIÐJUDAGUR 12. JÚNÍ 2018 KL 9:30

haldinn á Biskupsstofu, Reykjavík

FUNDARGERÐ

- 1) Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.
- 2) Fjármál
 - a) Fundargerðir fjármálahóps kirkjuráðs dags. 1. júní og 8. júní 2018.
 - b) Samgöngustyrkur til fermingarbarna.
- 3) Fasteignir
 - a) Fundargerð kirkjustarfs og fasteignahóps kirkjuráðs dags. 11. júní 2018.
 - b) Þingeyjarsveit, uppsögn á lóðarleigusamningi.
 - c) Mælifell, erindi Sveitarfélagsins Skagafjarðar varðandi lagningu ljósleiðara.
- 4) Málefni Skálholts
 - a) Fundargerðir stjórnar Skálholts nr. 43-46.
 - b) Skýrsla fjármáladeildar biskupsstofu um heildarkostnað af rekstri Skálholts árið 2017.
- 5) Málefni Stórolfshvolssóknar.
- 6) Kirkjuþingskosningar, bréf Kjörstjórnar þjóðkirkjunnar.
- 7) Héraðsfundur Reykjavíkurprófastsdæmis eystra, ályktun.
- 8) Erindisbréf framkvæmdastjóra kirkjuráðs og starfslýsing lögfræðings kirkjuþings og kirkjuráðs.
- 9) Önnur mál.

1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Fundurinn hófst kl. 9:30. Agnes M. Sigurðardóttur biskup Íslands stýrði fundi. Þá sátu fundinn kirkjuráðsmennirnir séra Gísli Gunnarsson, Svana Helen Björnsdóttir, Stefán Magnússon og séra Gísli Jónasson í forföllum séra Elínborgar Gísladóttur. Jafnframt sátu fundinn Oddur Einarsson framkvæmdastjóri kirkjuráðs og Guðrún Finnbjarnardóttir ritari kirkjuráðs sem ritaði fundargerð.

2. FJÁRMÁL

a) *Fundargerðir fjármálahóps kirkjuráðs dags. 1. og 8. júní 2018.*

Tekin fyrir fundargerðin frá 8. júní, 1. fjármál kirkjumálasjóðs.

Tekinn fyrir liður a). Framkvæmdastjóra falið að taka saman gögn um Fjölskylduþjónustu kirkjunnar og senda kirkjuráðsmönnum. Málið verði tekið fyrir á næsta fundi. Tekinn fyrir

b) liður. Samþykkt að færa styrk til Vatnaskógar til Jöfnunarsjóðs sókna. Tekinn fyrir liður c). Breyting á umsýslu nefnda. Tillögur samþykktar. Tekinn fyrir d) liður.

Fyrirkomulag á rekstri Leikmannastefnu. Samþykkt tillaga um að umsýsla með

Leikmannastefnu verði einfölduð. Málið falið framkvæmdastjóra í samráði við

fjármálastjóra biskupsstofu. Tekinn fyrir e) liður. Samþykkt að færa styrki vegna

menningarstarfsemi að fjárhæð 2 m.kr. undir Kristnisjóð. Tekið fyrir erindi

Ástjarnarsóknar varðandi ábyrgð á láni til sóknarinnar. Framkvæmdastjóra falið að óska eftir rekstraráætlun sóknarinnar áður en erindið er afgreitt. Tekinn fyrir 3. liður,

Egilsstaðakirkja, styrkur til viðhalds. Samþykktur styrkur úr Jöfnunarsjóði sókna að

fjárhæð 5 m.kr. á þessu ári. Jafnframt samþykkt vilyrði fyrir 10 m.kr. styrk árin 2019 og

2020 gegn staðfestingu viðskiptabanka sóknarinnar á fjármögnun framkvæmdarinnar.

b) *Samgöngustyrkur til fermingarbarna.*

Erindi skógarmanna KFUM. varðandi samgöngustyrki til fermingarbarna. Erindinu vísað til fjárhagsáætlunargerðar næsta árs.

3. FASTEIGNIR

a) *Fundargerð kirkjustarfs- og fasteignahóps kirkjuráðs dags. 11. júní 2018.*

Tekinn fyrir liður 2, málefni Hofs í Vopnafirði. Kirkjuráð samþykkir tillögu um að leitað verði eftir ábúanda. Tekið fyrir málefni prestbústaðar á Seyðisfirði. Gert er ráð fyrir að

framkvæmdir við viðhald hefjist næsta haust. Tekið fyrir málefni Hraungerðis. Fram kom að yfirmat hefði farið fram í gær. Lagt er til að jörðin verði auglýst til sölu hið fyrsta.

Tekið fyrir málefni Staðastaðar og veiðiréttar í Staðará. Samþykkt tillaga starfshópsins um

að nýtt verði heimild í 8. gr. laga um lax- og silungsveiði. Tekinn fyrir 7. liður, hlunnindi

prestsetra. Starfshópurinn leggur til að hópnum verði falið að leggja fram hugmyndir,

komi ekki fram tillögur frá nefndinni sem skipuð var árið 2016 svo kirkjuráð geti lagt

málið fyrir komandi kirkjuþing 2018. Tillaga starfshópsins samþykkt. Eignastefna.

Starfshópurinn hyggst endurskoða fasteignastefnu kirkjunnar og leggja fyrir kirkjuráð upplýsingar um eignir kirkjumálasjóðs tekjur og gjöld þeirra.

- b) *Þingeyjarsveit, uppsögn á lóðarleigusamningi.*
Tekið fyrir erindi Þingeyjarsveitar og samþykkt. Jafnframt tekið fyrir erindi varðandi nýjan lóðarleigusamning um lóðina. Kirkjuráð felur fasteignasviði að leggja mat á erindið.
- c) *Mælifell, erindi Sveitarfélagsins Skagafjarðar varðandi lagningu ljósleiðara.*
Kirkjuráð samþykkir erindið.

4. MÁLEFNI SKÁLHOLTS

- a) *Fundargerðir stjórnar Skálholts nr. 43-46.*
Fundargerðirnar lagðar fram.
- b) *Skýrsla um heildarkostnað af rekstri Skálholts árið 2017.*
Skýrslan lögð fram.

5. MÁLEFNI STÓRÓLFSHVOLSSÓKNAR

Lagður fram héraðsdómur í máli nr. E-1134/2017. Jafnframt lagt fram bréf sóknarnefndar Stórólfsvolssóknar. Framkvæmdastjóra falið að svara bréfinu í samráði við lögmann kirkjumálasjóðs í málinu. Samþykkt með fjórum samhljóða atkvæðum. Sr. Gísli Gunnarsson kirkjuráðsmaður óskaði eftir að svohljóðandi bókun hans verði færð í bækur kirkjuráðs: Ég sit hjá við afgreiðslu málsins og vísa til bókunar minnar í fundargerðum dags. 9. júní 2015, liðar 3. f., dags. 15. mars 2016, liðar 2 svo og til bókunar minnar í fundargerð 30. mars 2017, liðar 2.

6. KIRKJUÞINGSKOSNINGAR, BRÉF KJÖRSTJÓRNAR ÞJÓÐKIRKJUNNAR

Bréfið lagt fram til kynningar.

7. HÉRAÐSFUNDUR REYKJAVÍKURPRÓFASTSDÆMIS EYSTRÁ, ÁLYKTUN

Ályktunin lögð fram. Kirkjuráð áréttar að starfandi er starfshópur kirkjuþings sem annast samningsviðræður við ríkisvaldið um fjárhagsleg samskipti.

8. ERINDISBRÉF FRAMKVÆMDASTJÓRA KIRKJURÁÐS OG STARFSLÝSING LÖGFRÆÐINGS KIRKJUÞINGS OG KIRKJURÁÐS

Erindisbréfið og starfslýsingin lögð fram. Kirkjuráð gerði nokkrar breytingar á texta skjalanna og eru þau þannig samþykkt.

9. ÖNNUR MÁL

- a) Nýr starfsmaður.
Forseti ráðsins kynnti nýjan starfsmann á biskupsstofu, verkefnisstjóra samskiptamála.
- b) Forseti kynnti að gerður hefði verið formlegur húsaleigusamningur milli ráðsins og biskupsstofu.
- c) Þorlákshúsbúðarfélagið. Kynnt var bréf varðandi stöðu félagsins. Framkvæmdastjóra falið að kanna stöðu málsins við bréfitara.
- d) Ákvörðun Alþingis um niðurlagningu Kjararáðs.
- e) Fyrirspurn varðandi bréf til kirkjuþingsfulltrúa.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:00.

Næsti fundur er áætlaður 21. ágúst 2018.

Agnes. M. Sigurðardóttir
biskup Íslands

Oddur Einarsson,
framkvæmdastjóri kirkjuráðs

Séra Gísli Gunnarsson

Séra Gísli Jónasson

Svana Helen Björnsdóttir

Stefán Magnússon